

Fundur stjórnar FFA og bekkjarfulltrúa

Haldinn 31. ágúst 2009

Mættar: Kristjana Guðlaugsdóttir, Jóna Guðrún Jónsdóttir og Helga Andrésdóttir

1. Skólabúningar

Rætt var um skólabúninga. Athuga þarf hvaða efni hentar best í þá svo að þeir séu hlýjir og notalegir. Einnig var rætt um liti og snið. Fundarkonur voru sammála um að núverandi búningar sem væru væru of kaldir. Nauðsynlegt að fara á stúfana og kanna efnisúrval.

2. Fundartími félagsfunda FFA

Helga talaði um að gott væri að ef fundirnir væru ekki alltaf haldnir sama vikudag. Góð hugmynd væri að láta þá rúlla á virkum vikudögum, byrja á mánudegi, síðan þriðjudegi o.sv.frv.

3. Bekkjarfulltrúar 2009 – 2010

Erfitt var að átta sig á því hverjir gefa kost á sér til áframhaldandi starfa sem bekkjarfulltrúar þar sem svo fáir voru mættir og einungis tveir höfðu svarað tölvupóstinum sem þeir fengu sendann. Samt væri gott ef einhverjir gætu verið áfram og miðlað reynslu sinni ásamt nýju fólki.

Hér þurfti Helga að yfirgefa fundinn en stjórnarkonur héldu áfram

4. Bréf til allra foreldra í Akurskóla

Ákveðið að senda bréf til allra foreldra í Akurskóla til að ýta á virkni foreldra í félaginu og taka að sér hlutverk bekkjarfulltrúa.

5. Rafræn könnun

Ákveðið að flýta könnuninni sem átti að leggja fyrir í kjölfar foreldraviðtala skólans og gera rafræna könnun strax í næstu viku. Ef sú rafræna kemur illa út þá getum við haldið okkur við fyrra plan og lagt hana fyrir í kjölfar foreldraviðtala þann 14. sept.

6. Næsti félagsfundur FFA

Ákveðið var að næsti félagsfundur yrði haldinn mánudaginn 14. sept. en ekki þann 8. sept þar sem námskynningarfundurinn er þann 7. og erfitt að fá fólk til að mæta í skólann tvö kvöld í röð. Þetta yrði fyrsti fundur FFA með nýju fyrirkomulagi þar sem allir foreldrar eru boðaðir á fund.

Fundi slitið

Fundarritari: Jóna Guðrún Jónsdóttir